

Reglur Júpíters rekstrarfélags hf. vegna sjóðsdeilda Vísitölusjóðs Júpíters

1. gr.

Heiti sjóðsins

Heiti sjóðsins er Vísitölusjóður Júpíters. Rekstrarfélag sjóðsins er Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

2. gr.

Deildaskipting sjóðsins

Vísitölusjóður Júpíters er deildaskiptur verðbréfasjóður og starfar í sjóðsdeildum sem hafa aðskilinn fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og er hver sjóðsdeild aðgreind sérstaklega í bókhaldi og í upplýsingakerfum Júpíters rekstrarfélags hf. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Júpíter rekstrarfélag hf. gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem þess óska eða aðrar staðfestingar á tilkalli til hlutdeildar að viðkomandi sjóðsdeild. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum Vísitölusjóði Júpíters eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína.

Júpíter rekstrarfélag hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Í skránni er kveðið á um: nafn og kennitölu eiganda, söludag skírteinis, nafnverð skírteinis, heildarfjöldi útistandandi skírteina, sbr. 25. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðsdeildir Vísitölusjóðs Júpíters eru nú:

- a) Júpíter – Hlutabréfavísitala kt. 690817-9850

3. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur afmarkað fjárfestingar Vísitölusjóðs Júpíters og einstakra sjóðsdeilda hans. Fjárfestingarstefnur einstakra sjóðsdeilda fela í sér þær áherslur sem stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum þeirra. Fjárfestingarstefna einstakra sjóðsdeilda er eftirfarandi:

a. Júpíter – Hlutabréfavísitala

Júpíter – Hlutabréfavísitala er sjóðsdeild innan verðbréfasjóðsins og byggir starfsheimildir sínar á II. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Grunnmynt sjóðsins er ISK (Íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsdeildarinnar er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í Nasdaq OMX Nordic Iceland. Sjóðurinn er vísitölusjóður sbr. 36. gr. laga nr. 128/2011 og skal eignasafn sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla Hlutabréfavísitölu Júpíters. Upplýsingar um Hlutabréfavísitölu Júpíters má nálgast á heimasíðu Júpíters rekstrarfélags hf. Vísitalan er endurstíllt tvisvar á ári á endurstillingardegi. Endurstillingardagar vísitölnunnar eru fyrsti viðskiptadagur mars og september. Endurstillingartímabil er fimm viðskiptadagar fyrir og eftir endurstillingardag. Hámarksfrávik frá reiknuðu vægi er eitt prósentustig nema á endurstillingartímabili, þegar ómögulegt er að komast hjá hærra frávikum eða þegar hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa kalla á hærra frávik. Sjóðnum er einnig heimilt að vera utan marka vegna arðgreiðslna félaga í eignasafni sjóðsins og nær það tímabil milli arðleysisdags og arðgreiðsludags.